

Fjórði fundur haldinn að Breiðabliki þriðjudaginn 13. apríl 2021 að Breiðabliki kl. 11:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Bréf frá Katrínu Gísladóttur þar sem hún óskar eftir að taka aftur sæti í hreppsnefnd. Samþykkt.
2. Bréf frá Veróniku Sigurvinsdóttur og Sigurbjörgu Ottesen þar sem þær biðja um leyfi til að víkja sæti í Fræðslu og skólanefnd. Samþykkt að veita þeim laus frá nefndarstörfum. Frestað að skipa varamenn.
3. Verklagsreglur um öryggisbresti í persónuvernd. Verksreglurnar samþykktar.
4. Tölvupóstur frá sveitarstjórnarráðuneytinu með beiðni um umsögn vegna kvörtunar til ráðuneytisins og varðar gjaldskrá sveitarfélagsins. Sveitarstjórn hefur ávalt leitast við að hafa gjaldskrá við Laugargerðisskóla í lágmarki til hagsbóta fyrir börn og starfsfólk skólans og sérstaklega á skólaárinu 2019 - 2020 vegna aðstæðna sem voru á þeim tíma. Lögmannstofu sveitarfélagsins falið að veita umsögn.
5. Viðhald Laugargerðisskóla.

Unnið hefur verið markvist að því að viðhalda húsnæði Laugargerðisskóla undanfarin ár t.d. með því að afleggja vatnsrör í veggjum og setja ný utan á veggjum sem og öðrum viðgerðum.

Markmiðið var að ljúka stórum viðhaldsverkefnum á árinu 2021. Í framkvæmdunum hafa m.a. falist mælingar á hugsanlegri myglu í skólahúsinu en sveitarstjórn bað um þær til þess að henni myndi ekki yfirsjást eitthvað í þeim miklu framkvæmdum sem framundan eru. Mælingarnar eru í höndum verkfræðistofunnar Verkís sem einnig var falið að leggja mat á kostnað við viðgerðir ef mygla myndi greinast.

Í tölvupósti frá Verkís sem barst í dag, 12. apríl 2021, segir m.a.

„Tvö sýni af þrjátíu sýndu hækkuð gildi en það er eðlilegt fyrir húsnæði í þessum aldursflokki.

Vakin er athygli á því að Verkís tekur ekki sýni af rakaskemmdum byggingarefnum, heldur er hvatt til fjarlægingar/viðgerða á skemmdum byggingarefna eftir því sem við á.

Ef sýni væru tekin beint af rakaskemmdum byggingarefnum væri tíðni skemmda hærrí.

Sýnataka er gerð til þess að meta hvort gró séu að dreifa sér utan skemmds svæðis eða í nágrenni þess. Hér virðist það ekki raunin og því má ætla að megninu til sé um hefðbundið viðhaldsverkefni sé um að ræða.“

Sveitarstjórn tekur alvarlega allar ábendingar frá starfsfólki og ef það staðfestir veikindi sem rekja má til myglu er sveitarstjórn búin að fá inni fyrir nemendurna í Lýsuhólsskóla í Snæfellsbæ til loka skólaárs. Sveitarfélagið myndi þá sjá um að aka nemendum Laugargerðisskóla í Lýsuhólsskóla. Þeim yrði þannig gert kleift að ljúka skólaárinu þar ef ekki verður unnt að starfa

í skólahúsinu vegna veikinda barna og starfsmanna. Komi til þessa þarf deildarstjóri Lýsuhólsskóla u.þ.b. eina viku til að undirbúa komu barnanna.

Sveitarstjórn færir nágrönnum okkar í Snæfellsbæ bestu þakkir fyrir þeirra viðbrögð.

Niðurstaða:

Um leið og starfandi skólastjóri staðfestir við oddvita að grunur sé um veikindi barna og starfsfólks tengt húsnæði skólans setur oddviti þessa leið í gang. Samþykkt samhljóða.

6. Málefni Laugargerðisskóla. Ljóst er að endurskipulagning á skólahaldi í Laugargerðisskóla hefur dregist of mikið.

Til að tryggja áframhaldandi skólahald í Laugargerðisskóla verður að skera niður rekstrarkostnað um að minnsta kosti 30–40 milljónir á ársgrundvelli. Það næst ekki nema gerðar verði grundvallarbreytingar á starfseminni og er SSV okkur til ráðgjafar í því.

Fyrir liggur að kostnaður af rekstri skólans hefur í nokkur ár verið meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Árið 2017 fór rekstrarkostnaður skólans t.d. 12,7 milljónir króna fram úr áætlun, árið 2018 var farið 4,2 milljónir króna fram úr áætlunum og árið 2019 var farið 6,7 milljónir króna fram úr áætlunum. Útlit er fyrir að kostnaður sveitarfélagsins vegna rekstur skólans árið 2020 verði samtals um 8 milljónir króna umfram áætlun. Þá stefnir í að reksturinn haldi áfram að fara fram úr áætlunum árið 2021.

Að óbreyttu mun rekstur Laugargerðisskóla kosta sveitarfélagið 105 milljónir króna árið 2021. Til samanburðar nema áætlaðar skatttekjur sveitarfélagsins á árinu 2021 samtals um 118 milljónum króna og heildartekjur sveitarfélagsins árið 2021 eru áætlaðar um 155 milljónir króna. Að mati sveitarstjórnar er því brýn þörf fyrir hendi til að grípa inn í rekstur skólans.

Að öllu virtu telur sveitarstjórn nauðsynlegt að ráðast í heildarendurskoðun á rekstri Laugargerðisskóla.

Niðurstaða:

Sveitarstjórn leggur áherslu á að vinnu SSV verði hraðað með von um að hægt verði að undirbúa haustið með einhverjum þeim hætti að hægt verði að vera með skóla og leikskóla í Laugargerðisskóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)